

**Erindi Skúla Björns Gunnarssonar um Austurbrú ses.
flutt á aðalfundi SSA á Borgarfirði eystra 14. september 2012**

Mér var falið af stjórn Austurbrúar að kynna stuttlega hina nýju sameinuðu stoðstofnun en á eftir mér munu fulltrúar fagsviða síðan segja frá starfseminni. Sennilega sit ég uppi með þetta vegna þess að fyrir ári síðan kynnti ég drauminn um sameinað stoðkerfi á aðalfundi SSA á Hallormsstað.

Óhætt er að segja að þetta hafi verið viðburðaríkt ár og draumurinn orðinn að veruleika. Fyrir ári síðan var aðeins til lokaskýrsla um AST – Austfirskrar stoðstofnanir. En hún fékk góðar viðtökur jafnt hér heima fyrir sem hjá ríkisvaldinu og opinberum stofnunum. Átta manna verkefnisstjórn með þriggja manna framkvæmdanefnd starfaði síðan allan síðasta vetur með verkefnisstjóra að því að raungera drauminn. Við ætluðum okkur reyndar í fyrstu að ná öllu saman fyrir áramót en þetta tók lengri tíma en ætlað var enda vildu menn vanda sig við verkið.

En afkvæmið fæddist á útmánuðum eftir marga fundi og mikið samráð við aðstandendur barnsins. Þá hafði það tekið dálitlum breytingum en áfram voru allar stoðstofnanir með, Þróunarfélag, Þekkingarnet, Markaðsstofa og Menningarráð og SSA sjálfstætt en með þjónustu sína og starfsemi hjá stofnuninni.

Í fáum orðum voru þetta helstu breytingarnar: 15 manna fagråd í stað tveggja 7 manna, Stjórn kosin á ársfundi en ekki skipuð, starfsháttanefnd með innra eftirlit og undirbúning kosninga og ársfundar, breið stofnaðild með aðkomu jafnt austfírskra aðila sem opinberra ríkisstofnana en þó tryggt að Austfirðingar haldi meirihluta í fulltrúaráði. Einnig innbyggt að hagsmunaaðilar, það er þeir sem kaupa þjónustu af stofnuninni eigi sína atkvæðisbæru fulltrúa í fulltrúaráði ársfunda. Allar breytingarnar miðuðu að því að auka lýðræðið og stækka baklandið. Og þó að sumir hafi látið í veðri vaka að lýðræðishalli einkenni þessa nýju stoðstofnunar þá tel ég þvert á móti að skipulagsskrá hennar tryggi að svo sé ekki.

En á útmánuðum þurfti að fara að finna nafn á krógann. Nafnasamkeppni skilaði engu en verkefnisstjórn fannst besta hugmyndin koma frá starfsmönnum AUSTURBRÚ skyldi hún heita og hafa einkunnarorðin þekking, þróun, þjónusta.

Og stofnfundur var síðan haldinn 8. maí og heiðraði ríkisstjórn Íslands okkur Austfirðinga með nærveru sinni þann ágæta dag. Auk þess voru þar fulltrúar frá öllum 32 stofnaðilunum sem að Austurbrú koma en þeir tengja stofnunina vel bæði innan Austurlands og suður eða norður yfir heiðar. Fulltrúar þessara aðila ásamt 5 fulltrúum hagsmunaaðila mynda fulltrúaráð sem hefur atkvæðisrétt á ársfundum sem annars skulu vera opnir öllum.

En lítum nú stuttlega betur á stjórnskipulagið. Ein er sú nefnd innan stofnunarinnar sem ekki sést á þessu skipuriti. Það er starfsháttanefnd fram að fyrsta ársfundi er fimm manna en verður síðan þriggja manna. Það var á hennar herðum það erfiða verkefni að stilla upp nafnalista bæði í stjórn og fagråd fyrir stofnfundinn og án þess að slá af kröfum um jafnrétti eða dreifingu milli fagsviða og svæða.

Þannig var á stofnfundinum kosið öflugt fagráð og það hefur þegar fundað tvisvar. Formaður þess er Janne Sigurðsson og varaformaður Sigríður Bragadóttir. Fagráðið er búið að koma ákveðnum skilaboðum til stjórnar eftir góðan vinnufund í ágúst.

En ábyrgðin á framkvæmdinni hvílir á stjórn og þriggja manna framkvæmdaráði stjórnar sem í voru valin Valdimar, Sverrir og Anna Dóra. Stjórn hefur þegar fundað átta sinnum þó að stofnunin hafi ekki tekið formlega til starfa fyrr en 1. júní. Enda hefur verið nóg að starfa. Framkvæmdastjórinn sem verkefnisstjórn réði stoppaði stutt en skilaði þó góðu starfi við að koma stofnuninni á laggirnar. Frá því í júlí hafa hans störf hins vegar hvílt á framkvæmdaráði stjórnar og vegna sumarleyfa starfsfólks má segja að stofnunin hafi farið hægar af stað en æskilegt hefði verið. En að öllum málum er nú unnið af krafti enda allir lykilstarfsmenn komnir til starfa, bæði nýir og gamlir. Og ný auglýsing um framkvæmdastjórastöðuna farin í loftið.

Markmiðið um dreifsetta þjónustu og þannig bætt aðgengi íbúa að stoðkerfinu hefur þegar raungerst að hluta og starfsemi Austurbrúar má nú finna á 7 stöðum ef við teljum Hornfirðinga með sem við ætlum að selja ákveðna þjónustu áfram. Á þessum starfsstöðvum er síðan okkar ágæta og kraftmikla starfsfólk sem auðvitað svífur aðeins í lausu lofti innan nýrrar stofnunar því að það tekur tíma að búa til eina heild úr mörgum ólíkum einingum. En ekki skortir viljann og það mun vinnast samhliða hefðbundnum verkefnum Austurbrúar næstu vikur og mánuði. Þangað til nýr skipstjóri er kominn í brúna hvílir ábyrgðin samt mest hjá fulltrúunum fimm sem fara fyrir sínum fagsviðum. Þar eru komnir tveir nýir starfsmenn til stofnunarinnar, þau Árný Bergsdóttir og Finnbogi Alfreðsson sem ásamt þeim Bergþóru, Guðrúnu og Signýju munu segja ykkur hér á eftir stuttlega frá helstu verkefnum.

En það er ljóst að verkefnin hjá Austurbrú eru ærin og í mörg horn að líta hjá stjórn og starfsfólki. Í mínum huga skiptir þó mestu máli að við ákváðum að taka stökkið. Og með því náðu Austfirðingar aftur stöðu sinni sem brautryðjendur í samstarfi á fjórðungsvísu.

- Fyrstu mánuðir Austurbrúar hafa verið erfiðir
 - En við því mátti búast þó að ekki hafi allt verið séð fyrir
- Að koma mörgum stofnunum saman í eina gerist ekki á einni nóttu
 - En við ætlum að gefa því tíma og allir leggjast á eitt að láta það ganga
- Reksturinn er þungur og rekstrarumhverfið mætti vera betra
 - En sameining kostar alltaf sitt og við vonumst eftir meiri stuðningi við þetta brautryðjendastarf frá ríkinu
- Augu margra hvíla á okkur
 - En við látum það ekki trufla heldur höldum ótrauð áfram að byggja trausta brú inn í framtíðina – AUSTURBRÚ